

Sp.

384. Tillaga til þingsályktunar

[194. mál]

um athugun á veiðiréttindum bænda, sem eiga land að sjó.

Flm.: Ragnar Arnalds.

Alþingi ályktar að fela landbúnaðarráðherra að láta endurskoða nokkur ákvæði laga um lax- og silungsveiði, sem orka kunna tvímælis. Í þessu sambandi ber einkum að kanna réttindi og skyldur bænda, sem eiga land að sjó, og athuga, hvort ekki sé ástæða til að rétta þeirra hlut. Meðal annars ber sérstaklega að kanna:

hvort veiðiréttur á silungi í sjó, sbr. 19. gr. laganna, er ekki bundinn óþarflega ströngum takmörkunum til viðbótar þeim veiðihömlum, sem stafa af óbliðu veður-
fari hér við land;

hvort ákvæði 23. gr. laganna um skyldu manna til að sanna sakleysi sitt, ef grunur um lögbrot fellur á þá, gangi ekki þvert á meginreglur íslenskra laga um sönnunarbyrði í refsimálum;

hvort ákvæði 6. töluliðar 89. gr., sem heimila eftirlitsmönnum húsleit að eigin geðþótta án undangengins úrskurðar, gangi ekki langt úr hófi fram.

Jafnframt ber að stefna að því, að bændur, sem eiga land að sjó og hafa verið sviptir hlunnindum bótalauð, eigi í framtíðinni rétt á sérstakri fyrirgreiðslu til að koma upp fiskrækt sem aukabúgrein, þar sem góðar aðstæður eru fyrir hendi.

Greinargerð.

Veði lax og silungs hefur sætt ströngum takmörkunum í seinni tíð og hefur verið stefnt að því að veiða fiskinn fremur á stöng en í net. Þetta er eðlileg þróun á þeim tímum, þegar veiðigleðin er orðin verðmeiri en maturinn í fisknum.

Hinu má ekki gleyma, að með þessari þróun er nokkur hluti bændu sviptur hlunnindum, sem forfeður þeirra hafa notið um aldir, og er þá átt við bændur, sem eiga land að sjó. Þeir hafa að öllu leyti misst rétt til laxveiða í sjó og fá engan arð af aukinni laxagengd í veiðiám, en veiðar á silungi í net eru miklum takmörkunum háðar og bannaðar hálfu vikuna. Ef eitthvað er að veðri er veiði í sjó vonlaus og verða mögulegir veiðidagar miklu færri í ám og vötnum.

Ekki er rétt að leyfa laxveiðar í sjó að nýju, en ástæðulaust er að herða svo að silungsveiði í sjó, að bændur, sem búa við sjávarsíðuna, verði nær réttindalausir.

Á seinustu árum hefur eftirlit með veiði í sjó verið aukið. Eðlilegt eftirlit er sjálfsagt að allra dómi, en ýmsar heimildir eftirlitsmanna og aðfarir þeirra með stoð í lögum sæta ámæli, svo að illindi hafa af hlotist.

Ákvæði 3. töluliðar 23. gr. þykja mörgum nokkuð ströng og í litlu samræmi við íslenskar réttarvenjur:

„3. Sá, er sóttur er til sakar fyrir brot gegn banni því, sem felst í þessari grein, er sýkn, ef hann sannar, að fiskur sé veiddur erlendis eða á löglegum tíma.“

Í 6. tölulið 89. gr. segir: „Nú leikur grunur á, að ólöglegt veiðifang sé geymt í verslun, reykhusi, frystihúsi eða öðru geymsluhúsi, og er eftirlitsmanni heimilt án undangengins úrskurðar dómara að gera leit að slíku veiðifangi og taka það í sína vörslu, ef þurfa þykir, en gera skal hann dómara þeim, er í hlut á, þegar viðvart, en hann skal þegar taka málið til meðferðar.“ Orðin, sem ég hef undirstrikað, veita heimild, sem lögreglumönnum er almennt ekki veitt, jafnvel gegn morðingjum og milljónaþjófum, og er því lítt skiljanlegt, að lögin skuli veita ólöglerðum veiðifangum eftirlitsmönnum vald, sem dómurum einum er ætlað samkvæmt almennum reglum.

Þessi dæmi sýna, að þörf er á að endurskoða lögin um lax- og silungsveiði og ber þá sérstaklega að huga að réttindum og skyldum bændu, sem eiga land að sjó.

Fiskrækt á vafalaust glæsilega framtíð fyrir sér hér á landi, bæði sem aukabúgrein og sjálfstæður atvinnurekstur. Er raunar furðulegt, hve Íslendingar eru langt á eftir nálægum þjóðum í þessum efnum. Lax- og silungsrækt í lokuðum hólum við og í sjó á eftir að stórauðast hér á landi, og þá ekki síst þar sem einhverjar jarðhita er að fá.

Með hliðsjón af þeim réttindamissi, sem bændur við sjó hafa orðið fyrir, ættu þeir að njóta sérstakrar fyrirgreiðslu þegar skriður kemst á fiskrækt hér við land, svo fremi að góðar aðstæður séu fyrir hendi.

Alþingismenn á Norðurlandi vestra hafa fengið sendar áskoranir úr báðum Húnavatnssýslum og Skagafirði, þar sem þess er óskað, að hlutur bændu, sem eiga land að sjó, verði réttur. Inngangur að undirskriftarskjali, sem áritað var af fjölmörgum bændum úr þessum sýslum og sent var þingmönnum kjördæmisins, birtist hér sem fylgiskjal ásamt bréfi, sem undirskriftunum fylgdi.

Jafnframt skal þess getið, að flm. tillögunnar bar fyrrgreint erindi bændu undir veiðimálastjóra en hann vildi ekki fallast á að rétt væri að ganga til móts við sjónarmið þeirra.

Fylgiskjal I.

Við undirritaðir, er hlunnindi höfum af silungsveiði í sjó, mótmælum ákvæðum laga um lax- og silungsveiði, nr. 76 frá 1970, 19. gr., um friðun silungs, þar sem veiði í sjó er svo háð veðráttu að öll lagaboð um friðun hljóta að teljast óþörf, enda með þeim skert stórlega viðurkennd hlunnindi jarða bótalaust, sem vart getur samræmst íslenskum lögum, þar sem ekkert bendir til að um ofveiði sé að ræða.

Jafnframt mótmælum við harðlega, að í jafnumdeildu máli sem þessu sé áreigendum, eða þeirra starfsmönnum, falið eftirlit með netalögnum í sjó utan vatna-svæðis straumvatns.

Skorum við hér með á háttvirta alþingismenn Norðurlandskjördæmis vestra að vinna nú þegar að því að fá ákvæðum laga um lax- og silungsveiði breytt á þann hátt, að heimilt skuli að láta silungsnet í sjó liggja alla þá daga sem aðstæður leyfa.

(Undirskriftir.)

Fylgiskjal II.

Herra alþingismaður.

Við undirritaðir, sem tekið höfum að okkur að koma undirskriftum þessum til þingmanna kjördæmisins, töldum rétt að gefa heldur gleggri mynd af skoðunum okkar í þessu máli.

Sjávarsilungur hefur verið við strendur landsins frá upphafi Íslands byggðar, en er ekki til kominn vegna fiskræktar. Eiga því allir, sem möguleika hafa á að nytja hann, að hafa til þess fullan rétt.

Silungsveiði í sjó hefur verið stunduð í margar aldir og hafa þau hlunnindi, sem silungsveiðin er, fyrir löngu verið viðurkennd eign viðkomandi jarða.

Lög þau um lax- og silungsveiði, sem nú gilda, skerða stórlega rétt sjávarjarða umfram aðrar, þar sem aðstæður eru víða þannig, að eingöngu er um veiðar í net að ræða. Netalagnir í sjó eru miklu háðari veðráttu og ýmsum öðrum aðstæðum en í ám og vötnum, þar sem þau geta legið í nær hvaða veðri sem er.

Skerðing á veiðirétti í sjó er ekki til komin vegna ofveiði, enda engar þær rannsóknir farið fram, sem gefa til kynna að um slíkt sé að ræða.

Teljum við að lög þessi hafi þann eina tilgang að koma silungsveiðinni til þeirra, sem þegar hafa fengið öll hlunnindi af laxveiði og vilja nú líka sitja einir að silungnum.

Þeirri stefnu í veiðaréttarmálum að vilja koma þessum hlunnindum öllum yfir á jarðir, sem land eiga að ám og vötnum, mótmælum við harðlega.

Best er að sem flestar jarðir hafi einhver hlunnindi, og Alþingi á að standa vörð um þennan rétt hvers landeiganda, en láta ekki peningasjónarmið einstakra manna ráða í þessu máli.

Treystum við því, að máli okkar verði vel tekið.

Virðingarfyllst.

Eiríkur Pálsson,
Syðri-Völlum,
V.-Hún.

Þorvarður Júlíusson,
Löndum,
V.-Hún.

Páll J. Leví,
Heggsstöðum,
V.-Hún.